

FUNDARGERÐ

121. stjórnarfundur KRAFT

121. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Zoom)
14. janúar 2021 kl. 20.35

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Aron Ingi, Þórunn, Lára og Laufey.
Inga María komst ekki á fundinn.
Muggur forfallaður.
Fundarritari : Laufey.

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

2. ÁRAMÓT / UPPGJÖR

- **Skýrslur til IPF/EPF**
Eru í vinnslu hjá Gry og Láru.
- **Greiðsla árgjalda**
Greiða þarf árgjöld til IPF og EPF. Aron klárar það fyrir helgi.
- **Skýrsla til ASJ**
Aron og Gry eiga bókaðan fund með Andra hjá ASJ á morgun kl.15 vegna ársreiknings. Gry gerir skýrslu.
- **Fjárhagsuppgjör**
Er í vinnslu hjá Aroni og Magnúsi (endurskoðanda).
- **Nýir þyngdarflokkar kvenna og lágmörk**
 - Stjórn samþykkti að láta metin í 63kg flokki verða metin í 69kg og láta metin í 72kg flokki verða met í 76kg flokki. Norska kraftlyftingasambandið og NPF hafa ákveðið hafa þennan háttin á og var ákveðið að fylgja þeirra fordæmi.
 - Klaus er að uppfæra Results.is
- **Ný lyfjalög WADA**
Ný alþjóðalyfjalög tók gildi um áramótin. Linkur hefur verið settur inn á heimasíðu KRAFT.
- **Afhending viðurkenninga fyrir afrek 2020**
Stjórn ákvað að þær verða afhentar á ársþinginu í mars nk.
- **Ársskýrsla IPF**
Það var ekkert ársþing IPF 2020. Ársskýrslan hefur verið send á aðildarsambönd ásamt mótaskrá til samþykktar. Stjórn samþykkir ársskýrslu með einni undantekningu sem varðar mótaskrá. Mótaskrá hefur Rússland sem mótshaldara og þar sem Rússland er á bannlista WADA þá getur KRAFT ekki samþykkt Rússland sem mótshaldara. Það eru líkur á því að mótaskrá IPF muni taka breytingum vegna þessa.

3. VERUM HRAUST

ÍSÍ hefur óskað eftir því að KRAFT (eins og önnur sérsambönd undir ÍSÍ) sendir þeim nokkrar setningar um sína íþrótt, ásamt góðum myndum úr íþróttinni. Lára og Laufey fara í málið.

4. ASJ - SAMNINGUR 2021

Aron og Gry hitta ASJ á morgun kl.15.
Fáum þá upplýsingar um upphæð styrkja og fundum í frh. hvernig KRAFT ráðstafar honum.

5. RIG – FRAMKVÆMD

- Dagsetning : 31. janúar, sunnudagur, seinnipartinn
- Staðsetning : Sporthúsið
- 6 konur og 10 karlar
- Áhorfendalaust innanlandsmót.
- RÚV mun taka mótið upp
- Fáum húsið endurgjaldslaust en greiðum fyrir þrif og þrif milli mótshluta
- Keppendur verða í landsliðsbúningum, Lára kannar hverjum vantar
- Búningsklefar verða ekki opnir í Sporthúsinu, skoða að fá þá í Breiðabliki
- Í skoðun hvort vigtun fari fram í Sporthúsinu eða í Breiðabliki
- Búið að skaffa fimm stangarmenn
- Gert ráð fyrir einum aðila sem mun eingöngu sjá um sóttvarnir á pallinum
- Verið að tala við dómara
- Minnislisti verður sendur á keppendur um hvað þeir þurfa að athuga fyrir mót vegna sóttvarna
- Sett á Instagram með á keppni stendur, Laufey sér um það
- Kynna keppendur á RIG fyrir keppni. Gry sendir á þá tölvupóst og biður þá um að svara einni spurningu og senda video á Laufeyju. Elnig þarf að fylgja með upplýsingar (ef þeir óska) um instagram reikning, fésbók, snapchat osfrv osfrv.

6. SÓTTVARNARREGLUR

Uppfærðar sóttvarnarreglur hafa verið settar á vefinn, tóku gildi 13. janúar.

Gry ætlar að panta grímur með KRAFT logoinu.

7. ÁRSPING

Árspingið verður 20.mars 2021. Lára fer að skoða að senda fundarboð og hvert þarf að senda fundarboð. Lára pantar viðurkenningar.

Pórunn og Sigurjón farið yfir lög og reglur. Ný lög sett 2019. Skoða þarf viðurlög í lögum. Stjórnin fær sendar tillögur og verður sérfundur um það.

Tillaga í lagabreytingu að geta haft ársþing rafræna á netinu.

Árþingið verður fjarþing. Skoðar þarf vel hvernig kosningar verða. Hægt að telja já eða nei í spjalli. Verður að vera teljanlegt. NB. mega ekki vera fleiri svör en kjörmenn. Gry heyrir í ÍSÍ og heyrir hvort fleiri eru að skoða ársþing sem fjarfund. Leyndarkosningar er hægt að gera t.d. með Monkey Survey. Í fundarboði þarf að koma fram hvernig fundur og kosningar munu fara fram.

Verið að vinna í framboðum
Pórunn Lillja og Inga María (og Muggur) ætla að hætta.

Formenn nefnda verða kosnir á þinginu. Gry kannar hug formanna.

8. MÓTASKRÁ 2020

Enginn mótshaldari er kominn á byrjendamóti. Ákveðið að fresta því um óákveðinn tíma.

Vantar mótshaldara á öll mót. Lára sendir á formenn og spyr um áhuga á mótshald.

Umræða varð um mótin sem áætluð eru í mars og apríl. Vegna þess að enn er ákveðin óvissa í Covid-19 faraldrinum þá er spurning um hvort réttara sé að fresta þessum mótum. Gry ætlar að heyra í mótnefnd og heyra þeirra sýn.

9. ÖNNUR MÁL

Nei.

10. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

11. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.50